

NÁMSMAT Í GRUNNSKÓLA REYÐARFJARÐAR

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Grunnskóli Reyðarfjarðar
Júní 2014

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Skýrsla þróunarhóps Grunnskóla Reyðarfjarðar á innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Að endurskoða og þróa námsmat í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Þessi vinna er hluti af vinnu sem hófst skólaárið 2012 – 2013 á endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar skólans í samræmi við nýja Aðalnámskrá. Jafnframt var unnið með kennsluaðferðir skólaárið 2013 – 2014 og ætlunin er að vinna með námsmatsaðferðir næsta skólaár ásamt grunnþáttum menntunar.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Stofnaður þróunarhópur til að halda utan um innleiðingu Aðalnámskrár og þróun námsmats. Námskeið:

- Frá Mentor um grunnþætti, lykilhæfni og námsmat með tilliti til nýrrar Aðalnámskrár í umsjón Bryndísar Böðvarsdóttur.
- Leiðtogar í heimabyggð, námskeið á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í umsjón Eddu Kjartansdóttur og fleiri.
- Innleiðing nýrrar Aðalnámskrár, námskeið frá Skólaskrifstofu Austurlands í umsjá Ingvars Sigurgeirssonar.

Fyrirlestrar og vinnustofur:

- Á vegum Jóns Baldvins Hannessonar í Giljaskóla Akureyri um lykilhæfni.
- Kaffihúsafundur kennara þar sem lykilhæfni var ígrunduð og skilgreind nánar fyrir Grunnskóla Reyðarfjarðar.
- Þrír kennarar sáu um fræðslu á fjölbreyttum kennsluaðferðum fyrir starfsmannahópin og vinnufundi í kjölfarið um þúsulaðferðina.
- Fyrirlestur og vinnustofa um Reykjanesmódelið, Gylfi Jón Gylfason.
- Fyrirlestur og vinnustofa Ernu Ingibjargar Pálsdóttur um fjölbreytt námsmat.

Kannanir:

- Könnun um kennsluaðferðir lögð fyrir kennara.
- Könnun um námsmatsaðferðir lögð fyrir kennara.
- Könnun vegna vinnu við lykilhæfnimatið.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins og helstu hindranir

- Anmarkar Mentors
 - Ekki nóg pláss fyrir umsagnir.
 - Tók mjög langan tíma að fá skýringar á lykilhæfni inn í Mentor.
 - Þrepin í lykilhæfnimatinu eru bara tvö á bekk og henta því ekki vel fyrir Grunnskóla Reyðarfjarðar þar sem við erum með þrjár annir.
- Ytra mat var framkvæmt af Mennta- og menningarmálaráðuneyti á haustdögum 2013. Í niðurstöðum kom fram að kennslan var meira fræðandi en leiðbeinandi og ákveðið var að bregðast strax við því með fræðslu og vinnufundum um fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Allir nemendur Grunnskóla Reyðarfjarðar fengu lykilhæfnimat samkvæmt nýrri Aðalnámskrá við hver annarlok þetta skólaár. Þar sem gildistöku nýja námsmatsins var frestað og allir skólar skyldaðir til að útskrifa nemendur 10. bekkjar samkvæmt gamla matinu, var ekki möguleiki að útskrifa þá með lykilhæfnimat. Við þessa breytingu þurfti tvenns konar mat fyrir 10. bekk og vitnisburði skilað til nemenda á sama hátt og undanfarin ár.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Aukin samræming starfsfólks.

- Vinnan hefur vakið fólk til umhugsunar um það hvað liggur að baki námsmati.
- Álagstoppur í kringum námsmatsviku er úr sögunni þar sem áhersla er nú lögð á símat.
- Fjölbreytni hefur aukist í námsmati og kennslu.
- Nýtum okkur betur en áður niðurstöður úr samræmdum prófum og hinum ýmsu skimunum við undirbúning kennslunnar og við greiningu á vanda, bæði einstaklinga og nemendahópa.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

- Með markvissara og fjölbreyttara námsmati ná nemendur betur að sýna getu sína.
- Nú er áhersla lögð á símat og því skapast ekki eins miklir álagstoppar fyrir nemendur og kennara og oft voru í kringum námsmatsdaga.
- Fjölbreytni í kennsluaðferðum skilar sér í námi sem höfðar til fleiri nemenda.

Niðurstöður verkefnisins

Markmiðin náðust og sést það m.a. í matskvarða fyrir lykilhæfnimat og hversu vel hefur gengið að meta nemendur út frá þeim kvarða.

- Til eru matskvarðar sem eru skýrir og greinilegir.
- Verkefnið mun halda áfram skólaárið 2014 – 2015 þar sem áhersla verður lögð á námsmat og grunnþætti menntunar. Öllum starfsmönnum var skipt í sex hópa og fóru þeir heim með einn grunnþátt til að lesa í sumar og svara fjórum spurningum.
- Til eru eyðublöð sem nýtast kennurum við námsmat og skipulagningu.
- Kennarar skoðuðu vel kennslu- og námsmatsaðferðir sem þeir notuðu og voru meðvitaðri um hvað hentar hverju og hvenær.
- Það var flókið að láta námsmat okkar og lykilhæfnimat Mentors hljóma saman en með samvinnu allra aðila tókst það og mjög vel gekk að vinna námsmatið inn í lykilhæfnimatið nú á vormánuðum.


Þó að markmiðin hafi náðst þá er mikil þörf á að breyta eftirtöldum atriðum til að lykilhæfnimatið í Mentor nýtist sem best við námsmat í Grunnskóla Reyðarfjarðar.


- Meira pláss þarf fyrir umsagnir inn í lykilhæfnimatið í Mentor.
- Nauðsynlegt að fá 30 þrep inn í lykilhæfnimatið í Mentor þar sem Grunnskóli Reyðarfjarðar er með þriggja anna skólaár.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

- Fréttir og skýrslur settar á heimasíðu skólans og Fjarðabyggðar í júní 2014.
- Kynning fyrir Fræðslu- og frístundanevnd í ágúst 2014.

Dagsetning: 25. júní 2014


Undirskrift verkefnisstjóra


Grunnskóli Reyðarfjarðar
Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

